

Sp. 520. Tillaga til þingsályktunar [193. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til kaupa á hlutabréfum í Flugfélagi Íslands.

Frá fjárveitinganefnd.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að kaupa fyrir hönd ríkissjóðs hlutabréf í Flugfélagi Íslands fyrir allt að fimm hundruð þúsund krónur.

Greinargerð.

Fjárveitinganefnd flytur tillögu þessa eftir ósk flugmálaráðherra, Ingólfs Jónssonar, og er bréf hans til nefndarinnar varðandi mál þetta, prentað sem fylgiskjal með tillögunni.

Er til hlutabréfakaupa þessara stofnað í stuðningsskyni við Flugfélagið, sem nú skortir rekstrarfé, en það innir af hendi, svo sem alþjóð er kunnugt, að ýmsu leyti við erfið rekstrarskilyrði, mikla þjónustu við landsmenn með flugsamgöngum sínum innanlands.

Fylgiskjal.

SAMGÖNGUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 19. marz 1956.

Ráðuneytið vill hér með fara þess á leit við háttvirta fjárveitinganefnd, að hún flytji tillögu til þingsályktunar um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að kaupa hlutabréf í Flugfélagi Íslands fyrir hálf milljón króna.

Það skal tekið fram, að mál þetta hefur verið rætt við hæstvirtan fjármálaráðherra, og er hann samþykkur því, að slík tillaga verði flutt.

Ingólfur Jónsson.

Páll Pálmason.

Til fjárveitinganefndar Alþingis.